

# Markaðssetning sjávarafurða til erlendra ferðamanna 2023

*Verkefnalýsing fyrir hugsanlega þátttakendur (veitingahús):*



Seafood from  
**Iceland**

# Kæra veitingafólk

**Íslandsstofa og Seafood from Iceland** óska eftir þátttöku veitingahúsa um allt land í markaðsherferð sem miðar að því að hvetja aukinnar neyslu sjávarafurða meðal erlendra ferðamanna.

Þátttaka veitingahúsa er þeim að kostnaðarlausu en gerð er krafa um að þátttakendur séu með íslenskan villtan fisk á matseðli á meðan á verkefninu stendur.

Í þessu skjali er lýsing á verkefninu, forsendum þess auk upplýsinga um skráningu.



# Seafood from Iceland

**Seafood from Iceland** er samstarfsverkefni SFS, fyrirtækja í útgerð, vinnslu og útflutningi sjávarafurða á Íslandi.

Meginmarkmið þess að auka vitund og bæta viðhorf neytenda á erlendum mörkuðum gagnvart íslenskum sjávarafurðum.

Sjá nánar á

<https://www.seafoodfromiceland.com/>


Íslandsstofa sér um framkvæmd verkefnisins í umboði eigenda þess.

**Erlendir ferðamenn á Íslandi eru einn af skilgreindum markhópum Seafood from Iceland**





# Pátttakendur í Seafood from Iceland



 Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

 Íslandsstofa




# Um herferðina og framkvæmd hennar

Fyrirhuguð er kynningarherferð á vegum **Seafood from Iceland** á íslenskum sjávarafurðum til erlendra ferðamanna hér á landi. Miðað er við að herferðin standi í að minnsta kost 6 mánuði frá og með júní 2023.

Ferðamenn munu sjá ýmsar auglýsingar og skilaboð, meðal annars á samfélagsmiðlum þar sem vakin er athygli þeirra á gæðum íslenskra sjávarafurða og hversu auðveldlega þeir geta nálgast sjávarafurðir nánast hvar sem þeir eru staddir á landinu.

Þá verður allt kapp lagt á að hvetja ferðamenn til að upplifa áfangastaðinn, menningu og hefðir þjóðarinnar í gegnum matarauð hennar, þar sem fiskurinn gegnir lykilhlutverki.

**Ef ferðamenn bregðast við auglýsingunum geta þeir farið inn á herferðarvef þar sem þeir geta fundið nálæg veitingahús sem selja villtan íslenskan fisk hvar sem þeir eru staddir á landinu.**



# Markmið herferðarinnar

## Fjórbætt markmið:


1. Auka sölu sjávarafurða til erlendra ferðamanna hér á landi.
2. Fjölga neytendum og talsmönnum fyrir íslenskar sjávarafurðir á lykilmörkuðum erlendis.
3. Hvetja veitingahús um allt land til þess að leggja aukna áherslu á íslenskar sjávarafurðir í framboði og frekari vörupróun.
4. Hvetja framleiðendur sjávarafurða um allt land til nánara samstarfs við ferðapjónustuaðila í heimabyggð.



# Af hverju erlendir ferðamenn?

Kannanir sem Seafood from Iceland hefur gert á lykilmörkuðum erlendis sýna að gæðavitund um íslenskar sjávarafurðir eykst um **188%** hjá þeim sem heimsækja landið og þeir eru mun líklegri til þess að velja íslenskar sjávarafurðir umfram aðrar þegar þeir snúa aftur heim.

ICELAND MENTIONS: WHEN YOU THINK OF "QUALITY SEAFOOD", WHAT COUNTRIES COME TO MIND?  
– Those who have visited Iceland vs Not visited



# Samlegð í markaðssvæðum

Það er mikil samlegð í markaðssvæðum fyrir íslenskar sjávarafurðir og íslenska ferðaþjónustu. Um **80%** af útflutningsverðmætum sjávarafurða eru til landa sem **Seafood from Iceland** skilgreinir sem lykil- eða mikilvæga markaði. Um **75%** erlendra ferðamanna koma frá þessum sömu mörkuðum

- **Lykilmarkaðir - Seafood from Iceland:** Bretland, Frakkland, Bandaríkin og Suður Evrópa (Spánn, Portúgal og Ítalía)
- **Mikilvægir markaðir:** Þýskaland, Benelux, Norðurlöndin og Kanada:








# Ferðamenn og sjávarafurðir

Það er lítið vitað um neyslu og viðhorf erlendra ferðamanna hér á landi til sjávarafurða.

Hluti af verkefninu verður að afla frekari gagna og upplýsinga meðal annars með því að gera kannanir við brottför í Leifsstöð.

## During your visit to Iceland, did you try the following?



## Samstarf (smáa letrið)

Með þátttöku lýsa veitingahús því yfir að villtur íslenskur fiskur, veiddur á sjálfbæran hátt verði á matseðli frá og með júní til ársloka 2023. Seafood from Iceland áskilur sér rétt til að fjarlægja veitingahús úr efni herferðarinnar berist ábendingar um að svo sé ekki á meðan herferðin er í gangi.

Með þátttöku lýsa veitingahús því jafnframt yfir að þau munu leitast við að afla hráefnis (sjávarafurða) í heimabyggð eða eigin landshluta séu þau í aðstöðu til þess.

Óski veitingahús eftir að komast í samstarf við útgerðir eða vinnslur í heimabyggð meðan á herferð stendur mun Íslandsstofa eftir fremsta megni reyna að koma á slíku samstarfi



# Skráning

Skráning til þáttöku er [hér](#):

**Nánari upplýsingar veita:**

Björgvin Þór Björgvinsson:  
[bjorgvin@islandsstofa.is](mailto:bjorgvin@islandsstofa.is)

Sigurður Valur Sigurðsson:  
[sigurdur@islandsstofa.is](mailto:sigurdur@islandsstofa.is)



